

L Ö G

33

12. júní

um viðauka við lög nr. 10 12. janúar 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 1. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að útvega síldarverksmiðjum ríkisins á Raufarhöfn lóðir eftir þörfum, og má í því skyni taka eignarnámi lóðir og leigurétt yfir lóðum, sem verksmiðjurnar þurfa á að halda, ásamt mannvirkjum á slíkum lóðum, eftir því sem kann að reynast nauðsynlegt, ef eigi næst samkomulag um kaup á þessu. Skal um framkvæmd slíks eignarnáms fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóvember 1917.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

34

12. júní

um breytingar á lögum nr. 27 13. janúar 1938, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

a. Orðin „opna eða“ í 1. málsg. 3. gr. laganna falli burt.

b. Á eftir síðustu málsg. sömu lagagreinar bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Skylt er og váttryggingarfélögum þessum að taka opna vélbáta til váttryggingar, ef eigendur óska þess.

2. gr.

Aðra málsg. 25. gr. laganna skal orða svo:

Bætur fyrir tjón á opnum vélbáti skal greiða samkvæmt sömu reglu sem um

34 aðra vélbáta, ef báturinn ferst algerlega eða er dæmdur ónýtur eða óbætanlegur af 12. júní skoðunarmönnum félagsins, en hálfar ella.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ólafur Thors.

35

12. júní

L Ö G

um veiting ríkisborgararéttar.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Höskuldur Þórhallur Ladiger Þórhallsson, tónlistarnemi í Reykjavík, fæddur í Þýskalandi.
2. Kristiansen, Jentoft Kornelius, kaupmaður á Seyðisfirði, fæddur í Noregi.
3. Nordling, Simon Albert, steinsmiður á Patreksfirði, fæddur í Svíþjóð.
4. Schröder, Vilhjálmur Hans Alfred, veitingaþjónn í Reykjavík, fæddur í Þýskalandi.
5. Sigurður Sigurðsson, nemandi í menntaskólanum í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
6. Stangeland, Hans Kornelius Pedersen, kaupmaður á Fáskrúðsfirði, fæddur í Noregi.
7. Weber, Bruno Victor Paul Georg, verzlunarmaður, Hellu, Rangárvöllum, fæddur í Þýskalandi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.